



**Eyja- og
Miklaholtshreppur**

Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið
Skrifstofa orkumála
Borgartúni 26
105 Reykjavík

Samráðsgátt stjórnvalda - mál nr. S-123/2026

Dags. 18. ágúst 2026

Efni: Umsögn sveitarfélaga á Snæfellsnesi um drög að stefnu stjórnvalda um uppbyggingu flutningskerfis raforku

Sveitarfélagið Stykkishólmur, Snæfellsbær, Grundarfjarðarbær og Eyja- og Miklaholtshreppur taka undir og fagna þeirri megináherslu í drögum að stefnu stjórnvalda að flutningskerfi raforku sé grunninnviður samfélagsins og forsenda atvinnu- og byggðapróunar. Þá taka sveitarfélögin sérstaklega undir þau markmið að tryggja eigi jafnan aðgang landsmanna að áreiðanlegri raforku og að uppbygging flutningskerfisins taki mið af framtíðarþörfum samfélags og atvinnulífs.

Sveitarfélögin telja hins vegar afar brýnt að stefnan endurspegli stöðu raforkumála á Snæfellsnesi. Í 4. tölulið draganna er sérstök áhersla lögð á Vestfirði og Norðausturland, en Snæfellsnes er þar ekki tilgreint þrátt fyrir þá stöðu sem þar er uppi. Landsnet hefur ítrekað bent á að Snæfellsnes sé meðal þeirra svæða þar sem skortur á tvítengingu og takmörkuð flutningsgeta hafa skapað viðvarandi áskoranir, sem undirstrikar alvarleika stöðunnar. Þá sýna fyrirbyggjandi greiningar Landsnets að staða Snæfellsness kallar á sérstaka forgangsöröðun við uppbyggingu flutningskerfisins með tilliti til afhendingaröryggis og afhendingargetu.¹ Ljóst er að takmörkuð flutningsgeta og ófullnægjandi afhendingaröryggi hafa skapað viðvarandi og alvarlegar áskoranir fyrir svæðið.

Í ljósi framangreinds telja sveitarfélögin afar brýnt að Snæfellsnes verði sérstaklega tilgreint meðal áherslusvæða stefnunnar. Fyrirbyggjandi staða raforkukerfisins á svæðinu og greiningar Landsnets gefa fullt tilefni til slíkrar forgangsöröðunar. Lagt er því til að Snæfellsnes verði bætt við 4. tölulið þannig að sérstök áhersla verði lögð á Vestfirði, Snæfellsnes og Norðausturland.

Fyrir hönd sveitarfélaganna á Snæfellsnesi,

¹ Snæfellsnes er nú tengt meginflutningskerfinu með einni 66 kV tengingu og nýtur því ekki þeirrar tvítengingar sem þarf til að tryggja N-1 afhendingaröryggi gagnvart meginflutningskerfinu.



**Eyja- og
Miklaholtshreppur**

Jakob Björgvin Sigríðarson Jakobsson,
bæjarstjóri í Stykkishólmi

Birkir Jón Jónsson,
bæjarstjóri Grundarfjarðarbæjar

Kristinn Jónasson,
bæjarstjóri Snæfellsbæjar

Sigurbjörg Ottesen,
oddviti Eyja- og Miklaholtshrepps